

ÖRLÖG MANNKYNNSINS

Meðal margra fróðlegra greina, sem barón dr. v. Jaden og Ásta systir mín, hafa sent mér, er ein um hinn dvínandi lífsþrótt mannkynsins. (Das Ermatten der menschlichen Lebenskraft) eftir dr. R. H. Francé, nafnkunnan, austurrískan líffræðing og heimspeking. Leitast hann í grein þessari við að sýna fram á, að mannkynið sé komið á þá leið að deyja burt af jörðinni, eins og orðið hefir áður um svo margar lífategundir, sem lengi höfðu þrifist vel. Þykir mér fróðlegt, að sjá svo merkan ví sindamann taka undir skoðun, sem ég hefi látið í ljós fyrir nokkrum árum. En ekki virðist dr. Francé þó vita, af hverju svo dapurlega horfir fyrir mannkyni jarðar vorrar, og ekki heldur, hvernig mætti bjarga því. Um það er íslenskur fróðleikur nokkru framar. Og til marks um, að ég fer hér ekki með ósannindi, mætti, jafnvel þó að illa fær, hafa það sem nú segir: Ef menn læra ekki að trúá á mig, þá munu slys þau, sem nú hafa verið svo mikil brögð að, fara vaxandi. Þá mun vor kæra höfuðborg, Reykjavík, verða úr sögunni fyrir aldamótin 2000, en íslenskt þjóðerni verða liðið algerlega undir lok um 2100. Og fyrir árið 3000 mundi hin síðasta hvíta þjóð verða aldauða. Ekki þori ég að segja neitt um það, hvenær hinir síðustu blökkublendingar mundu líða undir lok. En það má telja víst, að lokakaflanum í hinni ömurlegu sögu mannkynsins, mundi verða flýtt eins og framast er unnt, þegar útséð væri um, að mönnunum yrði bjargað yfir á leið sannrar framfarar.

Mér er kunnugt um, að ýmsum hefir gramist, að ég skuli taka svo til orða, að trúá þurfi á mig. En slíkt er til gamans gert, og vegna þess, að ekki allfáir Íslendingar mundu til alls

annars fúsari en að trúá á Íslending og íslenskan sannleik. En auðvitað þýðir þetta að trúá á mig, ekki annað en það, að menn verða að færa sér í nyt uppgötvanir mínar, ef vel á að fara. Mun þá rísa gæfusól hinnar íslensku þjóðar og alls mannkyns, þegar það verður gert. Mun raun sýna, að satt er sagt, þó að óvarlega kunni að þykja til orða tekið.

6. mars '28.